

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1979:

	U. S. \$ pr. lest fob.
Óverkaður saltfiskur	
Stórfiskur nr. 1 .....	2 650.00
Millifiskur nr. 1 .....	2 475.00
Smáfiskur 40/60 nr. 1 .....	2 150.00
Smáfiskur 60/100 nr. 1 .....	1 990.00

Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi eins og það er á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 3. ágúst 1979.*

F. h. r.

**Þórður Ásgeirsson.**

*Kristín Magnússon.*

31. júlí 1979.

Nr. 336.

## SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Húsavíkurkaupstað  
nr. 33 27. janúar 1972.

1. gr.

Í stað „35 km“ í 30. gr., sbr. samþykkt nr. 131 2. maí 1974, komi: 45 km.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. júlí 1979.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*